



Greinargerð
með gjaldskrá

1. Inngangur

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir þeim helstu verkefnum sem slökkviliðinu er heimilt að taka gjald fyrir samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 ásamt síðari breytingum, eða reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Í lögum er reglan sú að ef ekki er skilgreint að heimilt sé að taka gjald fyrir veitta þjónustu þá er hún gjaldfrjáls.

Undantekning frá þessari meginreglu er þegar slökkviliðsstjóri þarf að beita þvingunarúrræðum og/eða viðurlögum samkvæmt 29. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis í notkun, starfsemi í því eða á lóðum og öðrum svæðum utandyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna sem lögin heimila sérstaklega að innheimt sé fyrir.

Til að slökkviliðsstjóri geti innheimt fyrir að beita þvingunarúrræðum og/eða viðurlögum þurfa sveitarfélög að setja sér gjaldskrá um fjárhæð gjalda fyrir eftirlit samkvæmt þessari grein og um innheimtu þeirra. Gjöld skulu ekki vera hærrí en sem nemur kostnaði við framkvæmd eftirlitsins. Gjöldum samkvæmt þessari grein fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

Í greinargerðinni eru einnig talin upp önnur verkefni sem slökkviliðið sinnir en eru ekki skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum og er því heimilt að taka gjald fyrir veitta þjónustu. Þessi verkefni falla þó að tilgangi slökkviliðsins sem er að vinna að velferð íbúa aðildarsveitarfélaga samkvæmt stofnsamning, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila.

2. Uppbygging gjaldskrár

Tímagjald fyrir útselda vinnu miðast við raunkostnað slökkviliðsins og er ekki hærrí en nemur kostnaði við framkvæmdina. Meginreglan er að innheimt er fyrir unninn tíma samkvæmt sérstakri skráningu og gjaldskrá þar að lútandi en að lágmarki skal þó innheimt fyrir þann kostnað sem útkall utan venjubundins vinnutíma felur í sér.

Eins og áður hefur komið fram er samkvæmt lögum nr. 75/2000 um brunavarnir reglan sú að ef ekki er skilgreint að heimilt sé að taka gjald fyrir veitta þjónustu þá er hún gjaldfrjáls. Til að undirstrika samfélagslegar skyldur allra aðila sem lögina ná til er gert ráð fyrir ákveðnu starfshlutfalli liðsins til þeirra starfa sem endurspeglast í gjaldskrá.

Stoðdeildum er dreift eftir umfangi á milli forvarna- og útkallssviðs og þannig reiknaður út áætlaður starfsmannafjöldi á hverju sviði. Áætlun ársins er síðan skipt hlutfallslega á milli kjarnasviða eftir reiknuðum starfsmannafjölda. Gert er ráð fyrir 7% álagi vegna óvissu.

Tímakaup á milli kjarnasviða er mismunandi að teknu tilliti til tækja, bifreiða og afskriftum af þeim. Munurinn er tæp 5%. Þrátt fyrir þann mun er lagt er til að stuðst verði við eitt tímagjald, vegið meðaltal, óháð því hver framkvæmir verkefnið þar sem útkall er oft bein afleiðing af slökum forvörnum. Tillaga að tímagjaldi er 12.317 krónur, sjá töflu 1.

Leiga á tækjum slökkviliðsins er háð samþykki slökkviliðsstjóra. Leiguverð skal vera 35% hærrí en leiga á sambærilegum tækjum á markaði og endurskoðað á sex mánaða fresti, þ.e.a.s. í janúar- og júnímánuði ár hvert. Leiga á tækjum slökkviliðsins til lögbundinna verkefna er hluti af tímagjaldi liðsins.

Fjöldi starfsmanna	Fjöldi starfsmanna	Hlutfall í stoðeild	Heild starfsmenn	Hlutfall á kjarnasviðum
Aðgerðasvið.....	23,0	66,0%	24,7	89,7%
Forvarnasvið.....	2,0	33,0%	2,8	10,3%
Viðbúnaðarsvið og stoðeiningar.....	2,5	0,0%	0,0	0,0%
Alls:	27,5	99,0%	27,5	100,0%

Samþykkt áætlun 2017	Áætlun 2017	Hlutur aðgerðasviðs	Hlutur forvarnasviðs	Samtals
Laun og launatengd gjöld.....	338.361.000	303.570.470	34.790.530	338.361.000
Menntun og verkefni.....	1.300.000	1.166.333	133.667	1.300.000
Tæki og bifreiðar.....	12.177.000	12.177.000	0	12.177.000
Húsnæðiskostnaður.....	32.700.000	29.337.762	3.362.238	32.700.000
Sameiginlegur kostnaður.....	40.847.000	36.647.081	4.199.919	40.847.000
Millisumma:	425.385.000	382.898.645	42.486.355	425.385.000
Afskriftir bifreiða.....	0	0	0	0
Afskriftir annað.....	0	0	0	0
Alls:	425.385.000	382.898.645	42.486.355	425.385.000

Tímakaup per starfsmann á kjarnasviðum	Tímakaup aðgerðasviðs	Tímakaup forvarnasviðs	Mismunur
Laun og launatengd gjöld.....	9.330	9.330	0
Menntun og verkefni.....	36	36	0
Tæki og bifreiðar.....	374	0	374
Húsnæðiskostnaður.....	902	902	0
Sameiginlegur kostnaður.....	1.126	1.126	0
Milli summa:	11.768	11.393	374
Afskriftir bifreiða.....	0	0	0
Afskriftir annað.....	0	0	0
Milli summa:	11.768	11.393	374
Óvissa og frávik.....	5,0%		
Tímakaup alls:	12.357	11.964	393
Tillaga að tímakaupi, vegið meðaltal	12.317		
Álag vegna samkeppnissjónarmiða	35%		
Útseld vinna	16.627		

Tafla 1. Tímakaup starfsmanna

3. Rökstuðningur gjaldskyldu

Sé tiltekið verkefni gjaldskyld er einnig innheimt eftir atvikum fyrir unnar klst. útkalls- eða forvarnasviðs við faglega umsýslu, undirbúning, ráðgjöf, fundi, akstur, skýrslu- og bréfaskrif. Umsýsla stöðdeildar og skrifstofu er innreiknuð í tímagjald útseldrar vinnu.

Eldvarnaskoðanir eru verkefni slökkviliðs samkvæmt lögum um brunavarnir og því ekki innheimt fyrir þær. Tvö tilfelli eru undanskilin þessari reglu:

- Eftirlit þar sem fylgst er með því hvort farið hafi verið að kröfum um úrbætur sbr. 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir sem sett var með lagabreytingu nr. 67/2007.
- Skoðanir, ráðgjöf og umsýsla sem nauðsynlegar eru m.t.t. umsagna hvort heldur sem er að beiðni einkaaðila eða opinberra aðila, enda mál til komin vegna eigin hagsmuna viðkomandi eða vegna ákvæða annarra laga en um brunavarnir.

1) Eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna mála í kjölfar eldvarnaskoðana eftir að eiganda eða forráðamanni hafa verið birtar kröfur slökkviliðsstjóra um úrbætur á eldvörnum. Frá þeim tíma er það val viðkomandi hvort hann sinnir þessum málum eða ekki. Gildir einnig um sambærilegan kostnað sem fellur til vegna lokunaraðgerða frá því að tilkynning eða viðvörðun þar að lútandi berst viðkomandi eiganda eða forráðamanni. Byggir á heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir sem sett var með lagabreytingu nr. 67/2007.

2) Umsagnir

Umsagnir slökkviliðsstjóra til einkaaðila eða annarra stjórnvalda eru ekki fyrirskrifaðar í lögum um brunavarnir. Umsagnir til annarra stjórnvalda eru þó eftir atvikum áskildar í lögum um aðra málaflokka og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Fyrst og fremst er um að ræða umsagnir til lögreglustjóra vegna rekstrarleyfa og til sveitarfélaga vegna heimadaggæslu barna.

Lagt er til að innheimt verði fyrir umsagnir til annarra stjórnvalda á föstu gjaldi sem nemur vinnu einnar klst. ef umsögn er gefin án skoðunar, en sem nemur vinnu þriggja klst. ef umsögn er gefin að undangenginni skoðun.

Innheimta fyrir umsagnir til annarra aðila eru samkvæmt unnum klst. þar að lútandi.

3) Ráðgjafarþjónusta

Ráðgjafarþjónusta er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Í 12. gr. er þó kveðið á um það hlutverk slökkviliðs að „leiðbeina fyrirtækjum og stofnunum eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi“. Þetta verður að skoða sem almenna upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga sem einnig kveða á um að stjórnvaldsákvarðanir skuli rökstuddar. Slíkar upplýsingar skulu veittar án endurgjalds.

Önnur ráðgjöf slökkviliðs er fyrst og fremst veitt af tvennu tilefni og tengist að miklu leyti því hlutverki slökkviliðs að vera byggingarfulltrúum á svæðinu til ráðgjafar um eldvarnir. Annars vegar er ráðgjöf til hönnuða við undirbúning byggingarleyfisumsókna og vegna athugasemda við brunahönnun og eldvarnir á aðaluppdráttum tengdum byggingarleyfisumsókn. Hinsvegar er ráðgjöf til eigenda, forráðamanna, og hönnuða á þeirra vegum, vegna krafna um úrbætur á eldvörnum.

Ef leiðbeiningar SA í einstöku máli vegna ákvæða stjórnsýslulaga eða 12. gr. laga um brunavarnir eru orðnar ítrekaðar eða umfangsmiklar telst vinnan til ráðgjafar og er því gjaldskyld frá þeim tímapunkti. Mat á þessu tekur mið af eðli og umfangi þess máls sem um ræðir en viðamikil eða flókin mál geta eðlilega kallað á meiri leiðsögn en önnur. Ekki er eðlilegt að SA sinni ráðgjafarþjónustu þar sem á markaðnum er hópur fagmanna sem býður slíka þjónustu um eldvarnir og brunamál.

Þó skal veitt ráðgjöf um atriði sem ætla má að viðkomandi geti aðeins aflað sér vitneskju um með aðstoð slökkviliðs og er hún gjaldfrjál.

4) Öryggisvaktir

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna öryggisvakta eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að öryggisvakt skuli sett á viðkomandi húseign.

Séu tæki og búnaður SA notuð við öryggisvaktir skal ekki innheimt sérstaklega fyrir það þar sem viðhald og afskrift búnaðar er innreiknað í tímagjald.

Byggir á heimild í 30. gr. laga um brunavarnir.

5) Tækjaleiga

Tækjaleiga er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið.

Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærrí en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Oftast er um að ræða dælu- eða körfubíla, t.d. vegna kvikmyndagerðar eða einhverra uppákomu sem kalla á slíkan búnað.

Tæki SA skulu aðeins notuð af starfsmönnum liðsins og er innheimt fyrir vinnu þeirra, auk tækjaleigu.

6) Fylgd vegna sprengiefnaflutninga

Sprengiefnafylgd er ekki áskilin í lögum um brunavarnir. Kveðið var á um slíka fylgd í lögreglusamþykkt Reykjavíkur og veitir lögreglustjóri ekki heimild til flutnings nema í fylgd slökkviliðs. Innheimt skal samkvæmt tímagjaldi en ekki sérstaklega fyrir tæki né búnað.

7) Útköll vegna brunaviðvörðunarkerfa

Sé slökkvilið kallað út vegna boða frá sjálfvirku brunaviðvörðunarkerfi án þess að eldur sé laus skal innheimt fyrir kostnaði við mannafla. Ástæður slíkra boða eru oftast bilun í viðkomandi kerfi eða gáleysi í umgengni sem verður þess valdandi að eitthvað setur kerfið í gang, og útkallið því tilhæfulaust. Réttmætt er að skilgreina þetta sem aðgerð til að knýja fram úrbætur á eldvörnum.

8) Upphreinsun spilliefna

Með þessum verkefnaflokki er ekki átt við lögmæltar tafarlausar aðgerðir til að stöðva mengunarslys og draga úr hættu því samfara, eins og kveðið er á um í 3. gr. laga um brunavarnir en þar er mengunaróhapp skilgreint á eftirfarandi hátt:

„Mengunaróhapp er þegar eiturefni eða önnur efni berast, eða kunna að berast, í umhverfið og tafarlaus upphreinsun eða önnur tafarlaus úrræði eru nauðsynleg vegna hættu á tjóni á heilsu fólks, umhverfi og eignum.“

Upphreinsun efna sem lekið hafa út er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu.

Innheimt skal fyrir vinnu við upphreinsun, efni til upphreinsunar, meðhöndlun og förgun upphreinsaðs efnis.

9) Mengunarviðbrögð vegna hafs og stranda

Í 2. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir er gildissvið laganna skilgreint, en þar kemur m.a fram að viðbúnaður við mengunaróhöppum sé einskorðaður við land. Viðbrögð við mengunaróhöppum á hafi, ströndum eða hafnarsvæði eru eftir atvikum á ábyrgð viðkomandi hafnaryfirvalda, landhelgisgæslu eða umhverfisstofnunar.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið komi að viðbrögðum og/eða viðbúnaði gagnvart mengunaróhöppum utan gildissviðs laganna skal slökkviliðsstjóri gera samninga hvað það varðar og bera undir stjórn til samþykktar.

10) Verðmætabjörgun

Fyrir verðmætabjörgun sem ekki er tilgreind í brunavarnalögum, t.d. vegna vatnsleka sem ekki er eðlileg afleiðing af slökkvistarfi, ber að innheimta fyrir tæki og vinnu samkvæmt gjaldskrá ef ekki liggja fyrir samningar um annað.

11) Gagnkvæm aðstoð slökkviliða

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir er slökkviliði heimilt að veita aðstoð við slökkvistarf eða viðbrögð við mengunaróhappi utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni hvernig aðstoð er veitt án þess að brunavörnum í umdæmi slökkviliðs sé stofnað í hættu að hans mati. Það sveitarfélag sem aðstoðar nýtur greiðir kostnað við hana. Verði ágreiningur um kostnað skal hann ákveðinn af dómkvöddum matsmönnum.

Slökkviliðsstjóri skal fylgja þeirri meginreglu að þar sem tafarlaus aðstoð, samkvæmt markmiðum og gildissviði laganna, utan eigin umdæmis er nauðsynleg skal hún skilgreind sem gagnkvæm aðstoð án endurgjalds.

12) Annað

Innheimt skal fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum eða er í samræmi við stofnsamning SA. Innheimt skal fyrir alla vinnu og tæki. Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvikmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða o.fl. þess háttar.